

## MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

# NÍÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR OG ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS UM MELASVEITARVEG

### 1. INNGANGUR

Skipulagsstjóri ríkisins hefur fengið til frumathugunar lagningu Melasveitarvegur um Skorholt og Mela, samkvæmt lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum.

**Framkvæmdaraðili:** Vegagerðin.

#### **Framkvæmd kynnt í frummatsskýrslu:**

Úrbætur á Melasveitarvegi nr. 505 frá stöð 0 til 3000 frá Hringvegi um Skorholt vestur fyrir Súluá og frá stöð 7400 til 7900 um Mela. Um **Skorholt** verður lagður 3 km langur vegur frá Hringvegi þar sem núverandi vegur um Skorholt verður hækkaður og legu breytt. Í Súluá verður sett 27 m langt ræsi. Um **Mela** verður lagður 500 m langur nýr vegur.

**Markmið framkvæmdar:** Að auka umferðaröryggi með bættri tengingu við Hringveg og nýrri legu vegar neðan Skorholts sem mun færa umferð af snjóþungum kafla og einfalda gerð tengivegar við býlið. Ennfremur mun nýr vegur færa umferð fjær íbúðarhúsi við Mela.

#### **Frumathugun:**

Þann 28. apríl 1997 tilkynnti Vegagerðin framkvæmdina til embættis skipulagsstjóra ríkisins og lagði fram frummatsskýrslu. Embætti skipulagsstjóra ríkisins tók formlega á móti frummatsskýrslunni með bréfi til Vegagerðarinnar í Borgarnesi þann 5. maí 1997. Framkvæmdin var auglýst opinberlega 9. maí 1997 í Lögbirtingablaðinu, 8. maí í Morgunblaðinu og 7. maí í Pésanum. Frummatsskýrslan lá frammi til kynningar frá 9. maí til 13. júní 1997 hjá oddvita Leirár- og Melahrepps, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagi ríkisins.

Engar athugasemdir bárust á kynningartíma. Leitað var umsagnar hreppsnefndar Leirár- og Melahrepps, Náttúruverndar ríkisins og Þjóðminjasafns Íslands. Auk þess var framkvæmdin kynnt veiðimálastjóra.

#### **Gögn lögð fram við frumathugun:**

Frummatsskýrsla: Melasveitarvegur 505 um Skorholt og Mela. Mat á umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla. Vegagerðin Borgarnesi, 21. apríl 1997.

## 2. UMSAGNIR

Leitað var umsagnar **hreppsnefndar Leirár- og Melahrepps** með bréfi dagsettu 5. maí 1997 og barst umsögn með bréfi dagsettu 6. júní 1997. Þar segir:

*„Hreppsnefnd Leirár- og Melahrepps gerir ekki athugasemdir við frummat á umhverfisáhrifum vegaf framkvæmda við veg 505 Melasveitarveg í Leirár- og Melahreppi.“*

Leitað var umsagnar **Náttúruverndar ríkisins** með bréfi dagsettu 5. maí 1997 og barst umsögn með bréfi dagsettu 21. maí 1997. Þar segir m.a.:

*„Náttúruvernd ríkisins gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við framkvæmdina með þeim skilyrðum að:*

- 1. Jarðraski utan vegstæðis verði haldið í lágmarki.*
- 2. Haft verði samráð við eftirlitsmann Náttúruverndar ríkisins á Vesturlandi vegna jarðefnisnáms og frágangs námusvæða og vegfláa.“*

Leitað var umsagnar **Þjóðminjasafns Íslands** með bréfi dagsettu 5. maí 1997 og barst umsögn með bréfi dagsettu 3. júní 1997. Þar segir m.a.:

*„Í skýrslunni ... kemur fram að fyrirhugað vegarstæði hefur ekki verið kannað á vettvangi, enda aðeins um frummat að ræða. Þjóðminjasafn Íslands telur skylt að áður en framkvæmdir verða endanlega leyfðar liggi vettvangskönnun fagaðila fyrir svo að tryggja megi að fornleifum verði ekki spillt að óþörfu.“*

**Veidimálastjóra** var kynnt framkvæmdin með bréfi dags. 5. maí 1997. Með bréfi dagsettu 2. júní 1997 barst eftirfarandi svar:

*„Ekki eru gerðar athugasemdir við umrætt vegstæði en þó skal bent á að öll vegræsi á þessum vegi sem og öðrum þurfa að vera þannig úr garði gerð að þau séu vel fiskgeng.“*

Umsagnir voru sendar Vegagerðinni með símbréfi dagsettu 11. júní 1997.

Allar umsagnir liggja frammi hjá Skipulagi ríkisins þar til kærufrestur er liðinn.

## 3. ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir bárust á kynningartíma.

## 4. UMHVERFISÁHRIF MELASVEITARVEGAR

### 4.1 Fyrirhuguð framkvæmd

#### 4.1.1 Lega vegar

##### Skorholt

Frá Hringvegi um Skorholt og vestur fyrir Súluá verður lagður 3 km langur vegur. Lega vegar um Skorholt breytist á um 1,5 km kafla þar sem hann mun tengjast Hringvegi sunnar en nú er og mun liggja um láglendi neðan bæjarins. Um land Bakka verður lega óbreytt en vegurinn hækkar í landinu.

Í Súluá verður sett 27 m langt stáleiningaræsi, 2,7 m að þvermáli.

##### Melar

Um Mela verður lagður 500 m langur nýr vegur. Nýi vegurinn mun liggja fjær íbúðarhúsi um tún Mela, neðan núverandi vegar.

#### 4.1.2 Efnistaka

Fram kemur í frummatsskýrslu Vegagerðarinnar að áætluð efnisþörf í fyllingar og burðarlög er um 35.000 m<sup>3</sup>. Úr djúpri, opinni námu norðan Skorholts verða teknir 25.000 m<sup>3</sup> af malarefni og 5.000 m<sup>3</sup> úr opinni námu sem liggur í ógrónum mel við Áslæk, á jarðamörkum Eystra Súluness og Áss. Áætlað er að 5.000 m<sup>3</sup> nýtist úr skeringum í fyllingar og burðarlög.

## 4.2 Áhrif á jarðmyndanir og landslag

### Áhrif af vegarlagningu:

Nýtt vegstæði um Skorholt mun liggja lægra í landinu en núverandi vegur. Um Skorholt verður hann færður af malarhrygg ofan bæjarins og mun liggja um flatlendi neðan Skorholts. Að áliti eftirlitsmanns Náttúruverndar ríkisins á Vesturlandi fellur nýr vegur betur að landinu en núverandi vegur (fskj. 4.1. með frummatsskýrslu).

Við Súluá hækkar vegurinn í landi og fyllingar við ræsi í Súluá verða töluverðar.

### Áhrif efnistöku:

Meginhluti efnistöku verður í stórri opinni námu við Skorholt. Að áliti eftirlitsmanns Náttúruverndar ríkisins mun efnistakan þar ekki hafa teljandi umhverfisáhrif í för með sér (fskj. 4.1 með frummatsskýrslu).

Við Áslæk er áætlað að náman stækki um allt að 100 m til vesturs. Við það verður efnisnám á grónu landi og fer að hluta til yfir akur. Eftirlitsmaður Náttúruverndar ríkisins óskar eftir því að að náman verði ekki dýpkuð að ráði og efni tekið til vesturs (fskj. 4.3 með frummatsskýrslu). Einnig að náman verði sléttuð og grædd upp að efnisnámi loknu.

Við Súluá er ætlunin að nota efni í holti vestan árinna í vegstæðið. Þetta mun valda nokkru raski en framkvæmdin mun draga úr snjósöfnun á veginum.

Í frummatsskýrslu kemur fram að frágangur á röskuðum svæðum verði í samráði við ábúendur og fulltrúa Náttúruverndar ríkisins. Náma við Áslæk verður sléttuð og grædd upp að efnistöku lokinni.

#### 4.3 Áhrif á gróður og dýralíf

Við Skorholt mun vegurinn liggja um framræsta mýri, tún Skorholts og ógróið melasvæði. Um Mela liggur nýr vegur um ræktað tún. Að álitni eftirlitsmanns Náttúruverndar ríkisins hafa þau gróðurlendi sem tapast ekki mikið verndargildi (fskj. 4.1 með frummatsskýrslu). Mýrin beri merki töluverðrar beitarráð og geti ekki talist á neinn hátt sérstök.

Töluverðar fyllingar verða í farvegi Súluár en þar verður lagt ræsi í ána sem getur raskað vatnalífi. veiðimálastjóri gerir ekki athugasemdir við vegstæðið en leggur áherslu á að ræsi verði fiskgengt.

#### 4.4 Áhrif á menn og samfélag

Vegurinn verður færður fjær íbúðarhúsum við Skorholt og Mela. Vegurinn um Skorholt verður færður fjær opinni malarnámu í Skorholtsmelum og mun það draga úr slyshættu. Samkvæmt frummatsskýrslu mun akstursöryggi batna með legu vegar lægra í landi þar sem bratti verður minni og vegur snjóléttari. Nýr vegur mun auðvelda samgöngur að vetrarlagi um Melasveitarveg og minnka slyshættu og ónæði vegna umferðar við íbúðarhús.

Áhrif vegar á landbúnaðarland verða nokkur en vegurinn mun liggja um slétt, ræktað tún í landi Skorholts og Mela. Samkvæmt frummatsskýrslu eru landeigendur í Skorholti og Melum meðmæltir færslu vegarins.

#### 4.5 Áhrif á menningarminjar

Í Svæðisskipulagi sveitarfélaganna sunnan Skarðsheiðar 1992 - 2012 er kveðið á um að fornleifakönnun þurfi að fara fram áður en nýjar veglínur eru ákveðnar.

Samkvæmt skýrslu Adolfs Friðrikssonar um fornleifar sunnan Skarðsheiðar sem unnin var fyrir undirbúning svæðisskipulagsins, og frummatsskýrslu Vegagerðarinnar mun ný lega Melasveitarvegur ekki spilla þekktum fornleifum. Fullnaðarkönnun hefur þó ekki verið gerð á menningarminjum í nánd fyrirhugaðs vegar. Þekktar eru rústir skammt vestan við bæinn í Skorholti sem kunna að vera gamlar bæjarrústir og rústir eyðibýlis í landi Bakka, í vestur frá bænum.

## 5. NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

Breytingar á Melasveitarvegi eru taldar hafa óveruleg áhrif á gróður og dýralíf á framkvæmdasvæðinu. Vegurinn mun liggja um svæði þar sem gróðri hefur verið raskað, framræsta mýri og tún. Í framlögðum gögnum kemur fram að sjaldgæfar tegundir gróðurs séu ekki í hættu vegna vegagerðar eða umferðar og að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á dýralíf, verði ræsi í Súluá fiskgengt.

Nokkuð ræktað land fer undir nýja vegakafli í landi Skorholts og Mela, en samkvæmt frummatsskýrslu eru landeigendur meðmæltir veglagningunni.

Helstu áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir og landslag verða vegna efnistöku í námu á grónu, jafnsléttu landi við Áslæk.

Fullnaðarkönnun hefur ekki verið gerð á menningarminjum á svæðinu, en framkvæmdin spillir ekki þekktum fornleifum.

Ný lega Melasveitarvegur mun bæta akstursöryggi á svæðinu, þar sem hann verður snjóléttari, liggur fjær opinni námu í landi Skorholts auk þess sem umferð færir fjær íbúðarhúsi við Mela.

Á grundvelli frummatsskýrslu Vegagerðarinnar og umsagna er það mat skipulagsstjóra ríkisins að fyrirhugaðar framkvæmdir við Melasveitarveg hafi ekki í för með sér umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir eða samfélag.

Þau skilyrði eru sett við framkvæmdina að jarðraski utan vegstæðis verði haldið í lágmarki og samráð verði haft við eftirlitsmann Náttúruverndar ríkisins á Vesturlandi við frágang. Minnt er á skyldur framkvæmdaraðila samkvæmt þjóðminjalögum ef fornleifar finnast á framkvæmdatíma.

Framkvæmdin er í samræmi við staðfest Svæðisskipulag sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar 1992 - 2012.

## 6. ÚRSKURÐARORÐ

Með vísun til 8. greinar laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 hefur skipulagsstjóri ríkisins farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu ásamt umsögnum.

Fallist er á fyrirhugaða lagningu Melasveitarvegur nr. 505 eins og henni er lýst í framlagðri frummatsskýrslu og með þeim mótvægisaðgerðum sem þar eru kynntar. Haft verði samráð við eftirlitsmann Náttúruverndar ríkisins á Vesturlandi vegna jarðefnisnáms og frágangs námusvæða og vegarfláa.

## 7. KÆRUFRESTUR

Samkvæmt 14. grein laga nr. 63/1993 má kæra úrskurð skipulagsstjóra ríkisins til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 13. ágúst 1997.

Reykjavík, 4. júlí 1997

Stefán Thors

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir